

REGLUR

um umboðsskrifstofur erlendra banka.

1. gr.

Erlendum hlutafélögum sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis er heimilt að fengnu leyfi viðskiptaráðherra að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi til að miðla upplýsingum, veita ráðgjöf og sinna annarri þjónustustarfsemi hér á landi á vegum erlendra banka og heimil er að lögum.

Umboðsskrifstofum er óheimilt að taka við innlánum, veita útlán, stunda verðbréfa viðskipti eða reka önnur viðskiptabankastörf fyrir eigin reikning.

2. gr.

Umsókn um starfsleyfi fyrir umboðsskrifstofu skal senda viðskiptaráðuneytinu á íslensku og á frummáli umsækjanda. Í umsókn skulu m. a. koma fram upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, viðskiptatengsl bankans við íslenska aðila, aðsetur hér á landi og forsvarsmenn umboðsskrifstofunnar.

3. gr.

Umboðsskrifstofur erlendra banka hér á landi skulu skráðar og starfræktar í samræmi við ákvæði XVII. kafla laga nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög.

Öll lögskipti sem leiðir af starfsemi umboðsskrifstofa erlendra banka hér á landi skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

4. gr.

Forstöðumaður, einn eða fleiri skal veita umboðsskrifstofu forstöðu. Forstöðumaður skal vera íslenskur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og heimilisfastur hér á landi.

5. gr.

Eftirlit með starfsemi umboðsskrifstofa skal vera í höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sbr. IV. kafla laga nr. 36 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands er heimilt m.a. að krefjast þess að úrbætur séu gerðar á rekstri umboðsskrifstofu innan ákveðins frests, því er heimilt að grípa til viðurlaga gagnvart umboðsskrifstofu, skipa fulltrúa sinn sem eftirlitsmann viðkomandi umboðsskrifstofu, ef nauðsyn krefur, og beita öðrum þeim úrræðum sem bankaeftirlitinu eru fengin að lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

6. gr.

Komi það í ljós að starfsemi umboðsskrifstofu er í andstöðu við reglur þessar, starfsleyfi, lög eða önnur opinber fyrirmæli, skal ráðherra krefjast þess að úr verði bætt innan nánar tilgreindra tímamarka sem hann ákveður. Verði ekki bætt úr annmörkum innan frestsins getur ráðherra afturkallað starfsleyfi umboðsskrifstofunnar án frekari fyrirvara og ber þá að afmá umboðsskrifstofuna úr hlutafélagaskrá.

7. gr.

Ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt 25. gr. laga nr. 86 4. júlí 1985 um viðskiptabanka skulu gilda um starfsmenn umboðsskrifstofa svo og önnur ákvæði viðskiptabankalaga eftir því sem við getur átt.

8. gr.

Tilkynningar til hlutafélagskrár samkvæmt XVII. kafla laga nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög skulu jafnframt sendar bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

9. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 86 4. júlí 1985 um viðskipta-banka og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 26. maí 1987.

Matthías Bjarnason.

Tryggvi Axelsson.

22. maí 1987

Nr. 231

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir greiddra bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almanna-tryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. júní n.k. að telja um 2,85% frá því, sem þær eru 31. maí 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

25. maí 1987

Nr. 232

REGLUGERÐ

um notkun glaðlofts við tannlækningar.

1. gr.

Tannlæknir hefur leyfi til að nota glaðloft við störf sín hafi hann lokið tilskildu námi, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir í því skyni, við Tannlæknadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Tannlæknir getur einnig öðlast slíkt leyfi, hafi hann lokið námi í notkun glaðlofts og glaðloftstækja, sem viðurkennt er af tannlæknadeild og ráðuneytinu.

3. gr.

Glaðloftsvélar, sem nota á hér á landi, skulu viðurkenndar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þær skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Vera þannig úr garði gerðar, að sjálfkrafa lokist fyrir flæði glaðlofts, ef súrefni þrýtur.
- b. Stjórnkerfi vélar tryggi, að aldrei geti verið minna en 20% súrefni í loftblöndu til innöndunar.
- c. Rúmtak öndunarbelgs glaðloftsvélar skal ekki fara fram úr 1,5 lítra.
- d. Glaðloftsvél skal vera búin útsogskerfi, sem fjarlægir útöndunarloft sjúklings út úr húsi.

Auk þessa skal ávallt vera til staðar innan seilingar handvirkur öndunarbelgur (Ambu-bag).